



## ÁLITSGERÐ

**Til:** Samtaka fjármálafyrirtækja / Guðjóns Rúnarssonar framkvæmdastjóra

**Frá:** LEX

**Dags:** 23. febrúar 2012

**Efni:** Álitaefni vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011.

### I. Inngangur

Álitsgerð þessi er tekin saman í tilefni af beiðni Samtaka fjármálafyrirtækja („SFF“) um lögfræðilegt álit vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 sem kveðinn var upp þann 15. febrúar 2012. Svo sem kunnugt er hefur Hæstiréttur slegið því föstu að ólögmætt sé að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, sbr. dóma frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Þá var staðfest í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 að þegar samningar hafa að geyma ólögmætt ákvæði um gengistryggingu verði að líta framhjá þeim vöxtum sem samið var um og miða við óverðtryggða Seðlabankavexti, sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu („SÍ vextir“). Það var hins vegar fyrst með tilvitnuðum dómi réttarins í máli nr. 600/2011 sem tekin var afstaða til þýðingar fullnaðarkvittana vegna greiðslna skuldara, fyrir rétt fjármálafyrirtækis til að krefjast viðbótargreiðslna fyrir liðinn tíma miðað við SÍ vexti.

Fram kemur í álitsbeiðni SFF, dags. 17. febrúar 2012, að í kjölfar dómsins hafi risið nánar tilgreind álitaefni sem þarfnist skoðunar og sé jafnframt óskað skoðunar á öðrum mikilvægum álitaefnum sem kunni að vera til staðar. Þau álitaefni sem óskað var þá sérstakrar skoðunar á tengdust einkum þýðingu fullnaðarkvittana og inntaki þeirrar undantekningar sem beitt var í dómi Hæstaréttar, því tímamarki sem miða ber góða trú skuldara við og hugsanlegum endurkröfurétti skuldara vegna vaxtagreiðslna af höfuðstól sem hafði hækkað vegna ólögmætrar gengistryggingar.

Álitaefnin voru jafnframt útfærð með nánari hætti af hálfu SFF með erindum sem bárust þann 17. og 19. febrúar 2012 og voru sett fram endanlega með eftirfarandi hætti:

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 felur það í sér að sé tilteknum skilyrðum fullnægt eigi skuldari ólögmæts gengisbundins láns rétt á að vaxtagreiðslur sem hann hefur innt af hendi fram til leiðréttingar á eftirstöðvum lánsins séu ekki endurreiknaðar skv. 18. gr. sbr. og 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu (vaxtalög). Þessi skilyrði, talin upp í IV kafla dómsins, eru eftirfarandi:

1. Að skuldarar hafi verið í góðri trú um að greiðslur þeirra frá stofndegi kröfu til þess tíma er fyrri dómur Hæstaréttar í máli aðila féll hafi falið í sér „fullar og réttar efndir“ af þeirra hálfu.
2. Að um sé að ræða skuldbindingu til langs tíma, skuldararnir hafi ávallt verið í skilum og viðbótarkrafa um vexti fyrir liðna tíð sé umtalsverð þegar litið er til upphaflegrar lánsfjárhæðar.
3. Að lánveitandi sé fjármálafyrirtæki sem ákvað einhliða skilmála sem um ræðir.

Hér eru ýmis álitaefni sem vaknað hafa í tengslum við þessi skilyrði sem dómurinn setur.

#### 1. Varðandi fyrsta skilyrðið:

- a) Er þetta skilyrði uppfyllt ef orðið hafa skilmálabreytingar á láninu vegna greiðsluferfiðleika skuldara, eins og t.d. lenging á lánstíma, greiðslujöfnun eða greiðsluskjól hjá umboðsmanni skuldara ?
- b) Er skilyrðið uppfyllt ef lántaki er eða hefur ekki verið í skilum með greiðslur af láni?
- c) Langflest þessara lána hafa verið endurreiknuð með hliðsjón af ákvæðum vaxtalaga. Við þann útreikning var flestum lánnum komið í skil með skuldajöfnun leiðréttingar höfuðstóls á móti vangreiddum greiðslum. Felur slíkt í sér að „fullar og réttar efndir“ hafi orðið af hálfu lántaka?
- d) Almennt var skuldurum þessara lána boðin frysting greiðslna á árinu 2009 og eftir dóm Hæstaréttar þann 16. júní 2010 var innheimtu þessara lána samkvæmt skilmálum lánanna hætt og skuldurum boðið að greiða fasta fjárhæð ef hverri milljón upphaflegs höfuðstóls láns meðan skýrðist hvaða lán væru ólögmæt og hvernig skyldi endurreikna. Í þeim tilvikum var viðskiptavinum almennt lofað að með því að ganga að slíku úrræði fyrirgerðu þeir ekki rétti sem síðar kynni að myndast með dómum eða lögum. Gerir þetta fyrirkomulag það að verkum að ekki hafa orðið „fullar og réttar efndir“ af hálfu skuldara ?
- e) Í dómnum er miðað við að skuldarar hafi verið í góðri trú fram til þess dags sem Hæstiréttur úrskurðaði um ólögmæti gengisbindingar lánanna. Örfá mál af þessu tagi hafa komið til úrskurðar dómstóla. Langflest mál hafa verið endurreiknuð á grundvelli ákvæða vaxtalaga. Þarf að fá niðurstöðu fyrir dómi til að ákvarða þetta tímamark í hverju einstöku máli? Gildir tímamarkið 14. febrúar 2011 fyrir öll mál eða eitthvert annað tímamark? Til dæmis 16. júní 2010, 16. september 2010

gildistökudagur breyttra vaxtalaga í desember 2010 eða tilkynning til skuldara um að lánið verði (hafi verið) endurreiknað?

- f) Er heimilt að miða við Seðlabankavexti frá og með þeim tíma sem skuldari er ekki í góðri trú þótt hann standi áfram í skilum með afborganir?

## 2. Varðandi annað skilyrðið:

- a) Hvað felst í orðalaginu til langs tíma? Hér erum að ræða lán til 30 ára. Hvenær er skuldbinding samkvæmt Hæstarétti til skamms tíma? Lán til bifreiðakaupa eru almennt, svo dæmi sé tekið, með 3 – 7 ára lánstíma. Í þessu sambandi er einnig spurt hvort skipti máli hve margar afborganir voru, hve lengi lánið hefur verið í skilum og/eða hve margir gjalddagar voru í skilum ?
- b) Hvenær teljast skuldarar hafa verið í skilum með greiðslur? Er það skilyrði að aldrei hafi fallið niður greiðsla á gjalddaga/eindaga? Teljast greiðslur í skilum þótt ein eða fleiri afborganir hafa ekki verið greiddar á gjalddaga/eindaga ef lánið hefur síðar verið greitt í skil eða greitt upp? Skiptir máli hvernig lánið er þá greitt í skil eða greitt upp? Hvað með t.d. skilmálabreytingu þar sem gjaldföllnum afborgunum er bætt við höfuðstól.
- c) Hvenær er viðbótarkrafa um vexti umtalsverð? Það lán sem fjallað er um í dóminum var upphaflega um 19,2 m.kr. Eftirstöðvar með gengismun hafa að líkindum verið röskar 40 m.kr. við dómsúrskurð miðað við algenga hækkun á verði erlendra gjaldmiðla frá hrúni. Líklegt er að gengismunur sem nemur rúmum 20 m.kr. hafi verið felldur niður en á móti þeirri lækkun hafi gengið 6,5 m.kr. viðbótarkrafa um vexti. Þessi niðurstaða Hæstaréttar felur í sér að ávöxtun lánsins er lægri en ef tekið hefði verið óverðtryggt lán á þessum tíma eða verðtryggt íbúðarlán, eins og algengast var.
- d) Þegar fyrir hendi eru þær aðstæður að ekki er heimilt að reikna Seðlabankavexti á höfuðstól láns er þá heimilt að miða endurreikning við heildarfjárhæð greiddra samningsvaxta þótt hluti þeirra samningsvaxta hafi komið til vegna hækkunar á höfuðstóli lánsins sem rekja má til gengistryggingarinnar? Á skuldari kröfu á þessum hluta greiddra samningsvaxta?

## 3. Varðandi þriðja skilyrðið:

- a) Hvaða þýðingu hefur þetta skilyrði? Hverju skiptir ef einungis eitt eða tvö, en ekki öll, framangreind skilyrði eiga við í máli er snýr að gengistryggðu láni?
- b) Skiptir máli í þessu samhengi hvort lánveitandi bauð einungis þessa tegund lána eða hvort viðskiptavinur gat valið á milli fleiri tegunda lána, þ.e. verðtryggðra, óverðtryggðra eða gengistryggðra?

Hér fara svo önnur álitafni er varða framkvæmd eða túlkun dómsins, sem snúa ekki sérstaklega að framangreindum skilyrðum en óskað er álits á:

4. Gilda fyrningarreglur gagnvart endurútreikningi þannig að einungis sé hægt að endurreikna lán með Seðlabankavöxtum 4 ár aftur í tímann frá endurútreikningsdegi?
5. Þegar gengið er frá endurútreikningi, verður skuldari þá að undirrita viðauka við lánessamninginn eða er nóg að vísa til þess að endurútreikningurinn sé í samræmi við gildandi rétt (lög og fordæmi dómstóla)?

Í eftirfarandi umfjöllun verður samhengisins vegna fyrst gerð stuttlega grein fyrir dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 sem varðar þá vexti sem miða ber við þegar samningar hafa að geyma ólögmætt ákvæði um gengistryggingu (kafli II). Þá verður vikið að dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 þar sem aðild var með sama hætti og í því máli sem er tilefni þessa minnisblaðs, en með þeim dómi var því slegið föstu að lánessamningar sóknaraðila fælu í sér ólögmæta gengistryggingu og bæru lánin því óverðtryggða Seðlabankavexti (kafli III). Þá verður vikið að meginefni álitserðarinnar eða dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og fordæmisgildi hans (kafli IV). Að svo búnu verður vikið að gildi og þýðingu fullnaðarkvittana (kafli V). Þá verður vikið að því tímamarki sem miða ber upphafstíma álagningar óverðtryggðra Seðlabankavaxta við (kafli VI). Í framhaldi af því verður vikið að mögulegum endurkröfurétti skuldara vegna vaxta sem voru reiknaðir af gengistryggðum höfuðstól (kafli VII). Því næst verður fjallað stuttlega um þýðingu fyrningarreglna fyrir endurútreikning og vexti (kafli VIII). Að lokum verða niðurstöður álitserðarinnar dregnar skipulega saman í samantekt (kafli IX).

Það skal áréttað að öll umfjöllun í álitserð þessari tekur einungis til þeirra lána sem hafa að geyma ólögmæt ákvæði um gengistryggingu, hvort sem slíkt ólögmæti hefur verið staðfest með dómi eða á grunvelli viðurkenningar fjármálafyrirtækja. Í álitserðinni er ekkert fjallað um það hvaða tilvik falli þar undir, umfram það sem leiðir af umfjöllun um þá dóma Hæstaréttar sem málið varða og nánar verður vikið að hér á eftir.

Tekið skal fram að vegna takmarkaðs tíma sem gafst til vinnu við álitserðina verður öll megináhersla lögð á umfjöllun um fordæmisgildi dómsins og þau sérstöku álitafni sem óskað hefur verið álit á, en eðli málsins samkvæmt er útilokað að svara með tæmandi hætti þeim fjölmörgu spurningum og álitafnum sem vakna vegna dómsins. Við erum að sjálfsgöðu reiðubúin til þess að svara nánar og sérstaklega frekari álitafnum sem kunna að vakna.

Álitserð þessi er unnin af Aðalsteini E. Jónassyni hrl., Karli Axelssyni hrl. og dósent við lagadeild HÍ, Ásgerði Ragnarsdóttur hdl., Birgi Má Björnssyni hdl., Stefáni Orra Ólafssyni hdl. og Þorsteini Magnússyni hdl.

## II.

### Dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2010

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 sem gekk þann 16. september 2010 var tekið af skarið um þá vexti sem miða ber við þegar samningar gera ráð fyrir ólögmætri bindingu láns í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Í forsendum dómsins segir meðal annars orðrétt:

Þegar virt er að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna er ógilt og bein og órjúfanleg tengsl eru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti er hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hjóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda liggur fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa er **óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð** [...] Í samningnum var ákveðið að skuld gagnáfrýjanda bæri vexti. **Með því að þar greindum fyrirmælum um hæð þeirra verður samkvæmt framansögðu ekki beitt er óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svari hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 skulu vextir þegar svo stendur á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.** [áherslubr. okkar]

Af þessum dómi leiðir að þegar samningar hafa að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu er almennt ekki unnt að beita þeim vöxtum sem samið hefur verið um, heldur ber að miða við SÍ vexti. Í dóminum er ekki berum orðum mælt fyrir um hvort lánsskuldbindingar skuli bera slíka vexti frá þeim tíma sem samningurinn er gerður eða hvort miða skuli við eitthvert annað tímamark. Telja verður rökrétt að lánsskuldbindingar beri slíka vexti frá stofndegi, enda er það í samræmi við ummæli í dómi Hæstaréttar þess efnis að „líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð“ og að atvik svari til þess að „samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera“. Þá verður ekki séð að önnur rök leiði til þess að réttara sé að miða við annað tímamark.

Samkvæmt þessu má draga þá ályktun af umræddum dómi Hæstaréttar að samningar sem hafa að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu beri almennt SÍ vexti frá þeim degi sem þeir voru gerðir, þ.e. stofndegi lánsskuldbindingarinnar. Þetta var í reynd staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, en það segir berum orðum í III. kafla að skuld samkvæmt samningnum „skyldi bera allt frá upphafi vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001“.

### III.

#### Dómur Hæstaréttar í máli nr. 604/2010

Þann 14. febrúar 2011 gekk dómur Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 og var aðild þar með sama hætti og í því máli sem er tilefni álitssgerðar þessarar. Í reynd má líta svo á að dómur í máli nr. 604/2010 hafi verið undanfari dóms í máli nr. 600/2011 og er nauðsynlegt samhengisins vegna að víkja stuttlega að honum.

Um var að ræða kærumál sem varðaði ýmsar kröfur sóknaraðila vegna slita varnaraðila [Frjálsa Fjárfestingarbankans]. Atvik voru þau að sóknaraðilar höfðu tekið fimm lán hjá varnaraðila og töldu að í skuldabréfum, sem gefin höfðu verið út af því tilefni, væru ógildar skuldbindingar um viðmiðun lánsfjárhæða við gengi erlendra gjaldmiðla. Þau höfðu staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfunum og gerðu við slit varnaraðila kröfu um viðurkenningu á rétti sínum til endurgreiðslu þeirra fjárhæða sem þau töldu sig hafa ofgreitt. Í forsendum dóms Hæstaréttar var fallist á sjónarmið sóknaraðila um að gengisákvæði umræddra skuldabréfa hefðu verið ógild, en í því sambandi var vísað til framangreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 sem talið var að hefði fordæmisgildi. Var í samræmi við það talið að skuldbindingar samkvæmt lánsamningunum bæru SÍ vexti. Að teknu tilliti til þessa og nánar tilgreindra útreikninga var talið að sóknaraðilar hefðu ekki ofgreitt af lánnum sínum heldur skorti þvert á móti upp á að full skil teldust hafa verið gerð og var kröfum um viðurkenningu á tilgreindum fjárhæðum við slit varnaraðila því hafnað.

Í þessu máli héldu sóknaraðilar því jafnframt fram að ekki fengi staðist að vaxtaskilmálum lánanna yrði breytt aftur í tímann og að fyrirvaralaus móttaka greiðslu fyrir hverri afborgun væri fullnaðargreiðsla. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að kröfur sóknaraðila lytu „á engan hátt að uppgjöri á vaxtaskuld þeirra vegna liðins tíma“ og að ekkert í kröfugerð varnaraðila lyti „að viðurkenningu á rétti til greiðslu úr hendi sóknaraðila vegna liðins tíma“. Vegna þessa var talið að umfjöllun um þetta atriði í kæru fæli í sér lögspurningu sem kæmi ekki til álitu í málinu.

Þannig var ekki tekin afstaða til þýðingar fullnaðarkvittana vegna greiðslna á afborgunum og vöxtum í þessum dómi eða mögulegra áhrifa slíks á rétt kröfuhafa til að krefjast viðbótargreiðslna miðað við SÍ vexti. Þýðing þessa kom fyrst til skoðunar fyrir Hæstarétti í dómi í máli nr. 600/2011 og verður vikið að þeim dómi í næsta kafla.

### IV.

#### Dómur Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og fordæmisgildi hans

##### 1. Inntak dómsins

Í máli nr. 600/2011 laut ágreiningur aðila að því hvort varnaraðili [Frjálsi fjárfestingabankinn] hefði að gengnum áðurgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr.

604/2010 átt fjárkröfu á hendur sóknaraðilum samkvæmt lánsamningi vegna liðins tíma og ef svo væri hvort varnaraðili hefði mátt nota kröfuna til skuldajafnaðar gagnvart kröfu sóknaraðila um málskostnað sem þeim var dæmdur.

Í dómi Hæstaréttar var rakin sú meginregla kröfuréttar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, á kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Þá var vikið að undantekningum frá meginreglunni, meðal annars um að „fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu“. Hvað þessa undantekningu varðar segir orðrétt í dóminum:

Hvílir áherslan þá á því, að **skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur viljayfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu sé lokið og þar með réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp að fullu greiðslu sína á viðkomandi gjalddaga og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfu síðar.** [...]

[...] Styðst undantekningin eins og áður segir meðal annars við þau rök, að skuldari hafi við móttöku kvittunar fengið í hendur yfirlýsingu kröfuhafa um að greiðslu væri lokið. **Búa hér að baki sjónarmið um öryggi í viðskiptum,** en það getur haft í för með sér mikla röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara, sem um lengri tíma hefur hagað sér í samræmi við tilmæli kröfuhafa, ef kröfuréttarsambandið er tekið upp hvað fortíðina varðar og honum í framhaldinu gert að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum viðbótargreiðslum fyrir liðna tíð, þvert á væntingar sínar um hið gagnstæða. [áherslubr. okkar]

Að þessu sögðu var tekið til skoðunar hvort atvik væru með þeim hætti í málinu að víkja bæri frá framangreindri meginreglu og hafna tilkalli varnaraðila til viðbótargreiðslu, en ljóst var að sóknaraðilar höfðu ekki efnt skuldbindingar sínar að fullu miðað við Sí vexti. Hvað þetta varðar segir í dóminum:

Við mat á því hvort svo hagi til í máli þessu að heimilt sé að víkja frá meginreglunni er **fyrst** til þess að líta, að þegar sóknaraðilar á einstökum gjalddögum frá stofndegi kröfunnar og fram til 14. febrúar 2011 greiddu afborganir og vexti af skuldabréfi nr. 712986 gengu báðir aðilar út frá því að útreikningur varnaraðila á fjárhæð afborgana og vaxta tæki mið af því að ákvæði skuldabréfsins um gengistryggingu höfuðstólsins væru gild. **Voru sóknaraðilar því í góðri trú um lögmæti þeirrar skuldbindingar sem þau höfðu gengist undir gagnvart varnaraðila og þar með í góðri trú um að fyrrnefndar greiðslur þeirra fælu í sér fullar og réttar efnir af þeirra hálfu.** Misskilningur aðila í þessum efnum, sem byggði á röngum lagaskilningi og staðfestur var með áðurgreindum dómi Hæstaréttar 14. febrúar 2011, var sóknaraðilum því að öllu leyti afsakanlegur. Í **öðru lagi** ber að hafa í huga að **skuldbinding sóknaraðila samkvæmt umræddu skuldabréfi var til langs tíma, eða þrjátíu ára, og skyldi hún greiðast með**

120 afborgunum. Þegar nefndur dómur gekk 14. febrúar 2011 voru fimm ár liðin af lánstímanum. Sóknaraðilar höfðu þá greitt 20 afborganir af láninu ásamt vöxtum, þau ávallt verið í skilum með þær greiðslur, og fjárhæð viðbótarkröfu varnaraðila um vexti fyrir liðna tíð, 6.585.934 krónur, er umtalsverð þegar litið er til upphaflegrar lánsfjárhæðar sem var 19.200.000 krónur. Í þriðja lagi þykir skipta máli við úrlausn þessa álitaefnis að varnaraðili er fjármálafyrirtæki sem á lánamarkaði bauð viðskiptavinum sínum ýmis lánakjör, þar með talin lán með ólögumætri gengistryggingu, og að skilmálar þess láns sem um ræðir í máli þessu voru samkvæmt einhliða ákvörðun varnaraðila og stöðluðum skilmálum hans hvað þau lán varðar. [áherslubr. okkar]

Með vísan til þessa taldi Hæstiréttur það standa varnaraðila nær en sóknaraðilum að bera þann vaxtamun sem af hinni ólögumætu gengistryggingu hlaut og um var deilt í málinu. Var því talið að hinn rangi lagaskilningur aðila, sem lá til grundvallar lögskiptum þeirra, yrði í uppgjöri aðila einungis leiðréttur til framtíðar. Samkvæmt þessu gat varnaraðili ekki krafist sóknaraðila um viðbótargreiðslur vegna munar á Sí vöxtum og samningsvöxtum aftur í tímann, enda þótt varnaraðili hefði í reynd fengið minna greitt en hann átti rétt til.

Samkvæmt þessu grundvallast niðurstaða dómsins á undantekningu frá þeirri meginreglu kröfurettar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann á rétt til, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Í dóminum er hins vegar **ekki kveðið á um að leggja beri samningsvexti til grundvallar aftur í tímann óháð fullnaðarkvittun, enda ljóst af dómi í máli nr. 471/2010 að beita beri Sí vöxtum frá upphafi svo sem rakið hefur verið.** Nánar tiltekið beitti rétturinn þeirri undantekningu frá meginreglunni, sem var meðal annars staðfest í Hrd. 1998, 2735, að *fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu („undantekningin um fullnaðarkvittun“).* Það er grundvallaratriði og forsenda fyrir niðurstöðunni að sóknaraðilar stóðu í skilum með þær greiðslur sem bankinn krafði þau um og höfðu þau fengið í gildi fullnaðarkvittunar sem fólst í greiðslutilkynningum bankans og fyrirvaralausri móttöku hans á greiðslum í samræmi við þær tilkynningar.

Af dóminum má ráða að jafnvel þó fullnaðarkvittun liggi fyrir er ekki sjálfgefið að það eitt dugi. Í dóminum eru reifuð frekari sjónarmið sem talin eru réttlæta beitingu undantekningarinnar frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til að krefjast viðbótargreiðslu. Það verður því að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort aðstæður réttlæti frávik frá meginreglunni. Við slíkt mat ber meðal annars að líta til þeirra röksemda um *öryggi í viðskiptum* sem búa að baki undantekningunni, en þau eru útskýrð í dómi Hæstaréttar með vísan til þess að það geti haft í för með sér mikla röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara „sem um lengri tíma hefur hagað sér í samræmi við tilmæli kröfuhafa, ef kröfurettarsambandið er tekið upp hvað fortíðina varðar og honum í framhaldinu gert að standa kröfuhafa skil á umtalsverðum viðbótargreiðslum fyrir liðna tíð, þvert á væntingar sínar um hið gagnstæða“.



Draga má ákveðna leiðsögn af dóminum um þau atriði sem líta ber til við mat á því hvort skilyrði séu til að víkja frá meginreglunni þegar um er að ræða lán með ólögmætri gengistryggingu, en niðurstaða dómsins um að beita beri undantekningunni um fullnaðarkvittun var byggð á eftirfarandi þremur atriðum sem dómurinn tiltekur sérstaklega að metin séu heildstætt:

1. Sóknaraðilar voru í góðri trú um lögmæti þeirrar skuldbindingar sem þau höfðu gengist undir gagnvart varnaraðila og þar með í *góðri trú um að greiðslur þeirra á afborgunum og vöxtum í samræmi við útreikninga bankans fælu í sér fullar og réttar efnidir af þeirra hálfu. [„fyrsta atriðið“]*
2. Skuldbinding sóknaraðila var „*til langs tíma*“ eða þrjátíu ára; þegar rangur lagaskilningur aðila var staðfestur með dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 voru *fimm ár liðin af lánstímanum og höfðu sóknaraðilar greitt 20 afborganir og ávallt staðið í skilum; fjárhæð viðbótarkröfu um vexti fyrir liðna tíð var „umtalsverð“ þegar litið er til upphaflegrar lánsfjárhæðar. [„annað atriðið“]*
3. Varnaraðili er *fjármálafyrirtæki* sem bauð viðskiptavinum sínum meðal annars lán með ólögmætri gengistryggingu og voru *skilmálar lánsins samkvæmt einhliða ákvörðun varnaraðila og stöðluðum skilmálum hans. [„þriðja atriðið“]*

## **2. Almenn um fordæmisgildi dómsins**

Hvað varðar almennt fordæmisgildi dómsins skiptir máli að hann var skipaður sjö dómurum og eru því líkur á að rétturinn muni fylgja þessu fordæmi til framtíðar, enda þótt rétturinn hafi klofnað. Í því samhengi skiptir máli að meiri- og minnihluti voru sammála um undantekninguna um fullnaðarkvittun og þýðingu hennar, enda þótt minnihlutinn hafi ekki talið réttlæt看legt að beita undantekningunni við þær aðstæður sem voru uppi í málinu. Sú staðreynd að rétturinn klofnaði kann hins vegar að hafa þau áhrif að minna þurfi til að koma svo að komist sé að annarri niðurstöðu í málum sem eru ekki að öllu leyti sambærileg. Þá verður að hafa í huga þá meginreglu réttarheimildafræða að túlka verður fordæmisgildi dóma af varfærni.

Af dóminum virðist ljóst að hafi *lántaki greitt vexti* vegna samnings sem hafði að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu og *fengið fullnaðarkvittun vegna slíkra greiðslna getur viðkomandi fjármálafyrirtæki almennt ekki krafði hann um mismun þeirra vaxtagreiðslna sem hafa átt sér stað og Sí vaxta fyrir sama eða sömu tímabil. Ástæðan er sú að líkur eru á því að undantekningin um fullnaðarkvittun eigi við. Þannig er réttur fjármálafyrirtækja til að krefjast Sí vaxta aftur í tímann, þ.e. vegna tímabila þar sem vaxtagreiðslur hafa þegar verið inntar af hendi í samræmi við kröfu fjármálafyrirtækisins, í öllu falli verulega takmarkaður.*

Eins og rakið hefur verið er ekki nægilegt að fullnaðarkvittun liggi fyrir til að undantekningin eigi við, heldur verður að meta með hliðsjón af aðstæðum í hverju máli

hvort réttlætanlegt sé að beita undantekningunni. Við slíkt mat verður ekki hjá því komist að taka mið af þeim þremur atriðum sem stuðst var við í dómi Hæstaréttar og gerð var grein fyrir að framan. Hvað þetta varðar ber að hafa hugfast að önnur atriði kunna að koma til skoðunar að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem eru uppi í einstökum málum og veitir dómurinn eingöngu leiðbeiningu um atriði sem nauðsynlegt er að líta til við matið.

Að okkar mati eru umtalsverðar líkur á því að fyrsta og þriðja atriðið, sem litið var til í dómi Hæstaréttar, eigi almennt við um aðstæður í málum sem varða vaxtagreiðslur vegna lána sem fela í sér ólögsmæta gengistryggingu og skipti tegund láns þá ekki máli. Hins vegar er annað atriðið afar matskennt og verður að meta þá þætti sem þar falla undir í hverju tilviki fyrir sig.

Þessu til frekari skýringar vísast til þess að *almennt má ganga út frá því að skuldarar hafi verið í góðri trú um að greiðsla samningsvaxta sem voru í samræmi við kröfu viðkomandi fjármálafyrirtækis fælu í sér fullar og réttar efndir af þeirra hálfu* enda um að ræða rangan lagaskilning sem telst afsakanlegur, sbr. **fyrsta atriðið**. Jafnframt er í *langflestum tilvikum um að ræða lán með skilmálum sem voru samdir einhliða af viðkomandi fjármálafyrirtæki*, sbr. **þriðja atriðið**, enda þótt ekki sé útilokað að sérstök sjónarmið eigi við um öfluga lögaðila svo sem nánar greinir hér á eftir.

Þeir þættir sem felast í **öðru atriðinu** geta augljóslega verið mjög mismunandi, en um er að ræða lengd lánsskuldbindingar, hversu langt er liðið á lánstímann, fjölda afborgana, hvort lántaki hafi alltaf staðið í skilum og hvort fjárhæð viðbótarkröfunnar telst umtalsverð að teknu tilliti til upphaflegrar lánsfjárhæðar. Telja verður að þessir þættir eigi það sammerkt að gefa vísbendingu um hversu ríkar væntingar lántakans eru og hversu veruleg röskun á fjárhagslegum hagsmunum hans leiðir af viðbótarkröfu um vexti vegna liðins tíma. Þessir þættir eru sýnilega mjög matskenndir og er ómögulegt að gefa nákvæmar leiðbeiningar um hvað dugi í þessum efnum að slepptum þeim tilteknu aðstæðum sem voru uppi í máli nr. 600/2011. Þá er óljóst hvort og þá hvaða áhrif það hefur ef einhver þessara þátta á ekki við í máli sem er til skoðunar, svo sem ef um skammtímalán er að ræða og fjárhæð viðbótarkröfunnar er mjög lág. Það er enn sem komið er ekki fyrir að fara dómaframkvæmd sem skýrir þessa þætti nánar eða nákvæma þýðingu þeirra fyrir mat á því hvort beita beri undantekningunni um fullnaðarkvittun. Almennt verður að ætla að Hæstiréttur muni meta heildstætt í hverju tilviki fyrir sig hvort aðstæður viðkomandi lántaka, staða lánsins og eðli viðbótarkröfunnar séu með þeim hætti að réttlætanlegt sé að beita undantekningunni.

Samkvæmt framangreindu verður sú ályktun dregin af dóminum að fjármálafyrirtæki geti ekki innheimt mismun samningsvaxta og Sí vaxta aftur í tímann (eftir atvikum leiðrétt lán afturvirkrt með endurútreikningi vaxta á íþyngjandi hátt fyrir skuldara), **hafi skuldari efnt vaxtaskuldbindingar sínar í samræmi við efni viðkomandi samnings og/eða greiðslutilkynningar fjármálafyrirtækja**, enda sé fullnaðarkvittun til staðar og **önnur þau sjónarmið sem rakin eru að framan eigi við**. Jafnframt virðist ljóst af dóminum að jákvæð áhrif gengisleiðréttingar gagnvart lántaka hafi ekki neikvæð áhrif á

réttarstöðu lántaka (til dæmis ef lán hefur lækkað úr 40 milljónum kr. niður í 20 milljónir kr. vegna gengisleiðréttingar).

Ekki verður talið að það hafi nokkra þýðingu í hvaða formi greiðslukvittanir eru. Það sem skiptir máli er að skuldari hafi innt af hendi greiðslur í samræmi við kröfu viðkomandi fjármálafyrirtækis sem byggir á lánssamningi aðila, en þá liggur fyrir fullnaðarkvittun í skilningi kröfuréttar.

Fordæmisgildi dómsins nær hins vegar ekki til þeirra aðstæðna þegar lántaki hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar, enda getur hann þá ekki byggt á fullnaðarkvittun. Nánar verður vikið að einstökum álitaefnum sem kunna að koma upp vegna vanskila lántaka eða skilmálabreytinga í kafla V.

Hafi viðkomandi *lántaki hins vegar ekki yfir að ráða fullnaðarkvittun eða ígildi hennar er staðan allt önnur*, enda getur undantekningin þá ekki átt við. Hafa verður í huga að dómur Hæstaréttar tekur eingöngu til þeirra aðstæðna þegar fullnaðarkvittun liggur fyrir og er ekkert í dóminum sem bendir til þess að fjármálafyrirtæki geti ekki krafist SÍ vaxta aftur í tímann hafi vaxtagreiðslur ekki áður verið inntar af hendi. Í þessu samhengi hefur þýðingu að um er að ræða undantekningu frá meginreglu kröfuréttar sem verður að túlka þröngt, en í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 er sérstaklega áréttað að eingöngu við sérstakar aðstæður, þ.e. við tilvist fullnaðarkvittunar, verði tilkalli kröfuhafa til viðbótargreiðslu hafnað.

Hér er minnt á að með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 verður að miða við að lánsskuldbindingar beri SÍ vexti frá stofndegi hafi samningurinn haft að geyma ákvæði um ólögsmæta gengistryggingu. Í forsendum dóms Hæstaréttar nr. 600/2011 er þetta sérstaklega undirstrikað í III. kafla, en þar segir orðrétt um þetta: „Með þessu var fallist á með varnaraðila [Frjálsa fjárfestingarbankanum] að skuld sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. 712986 skyldi bera allt frá upphafi vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001.“

Sé sú staða uppi að *lántaki hafi staðið í skilum með afborganir fyrir ákveðin tímabil en ekki greitt vegna annarra tímabila* verður að sama skapi talið að ekki sé unnt að krefjast SÍ vaxta fyrir þau tímabil þar sem staðið hefur verið í skilum, en að slík krafa geti átt rétt á sér vegna þeirra tímabila þar sem fullnaðargreiðslur í samræmi við greiðslufyrirmæli hafa ekki farið fram. Hafi lán verið í vanskilum en því síðan komið í skil af hálfu lántaka (þ.e. með greiðslum hans) gegn útgáfu fullnaðarkvittunar fyrir tímabil sem hafa verið í vanskilum, er að okkar mati ekki unnt að krefjast SÍ vaxta fyrir það tímabil. Eins og síðar verður rakið kann öndverð staða að eiga við ef skuldari kemur láni í skil með skilmálabreytingu án þess að greiðsla fari fram af hans hálfu á fyrirliggjandi vanskilum. Þetta gæti t.d. átt við ef skuldari hefur ekki gert upp eldri vanskil heldur eingöngu komið láni í skil með skilmálabreytingu. Viðkomandi skuldari getur þá ekki notið reglunnar sem leidd verður af dóminum varðandi það tímabil sem hann var í vanskilum. Hafi hann hins

vegar þaðan í frá greitt í samræmi við hina nýju skilmála nýtur hann góðs af reglunni um fullnaðarkvittun hvað þær afborganir varðar.

Þar sem sóknaraðilar í máli nr. 600/2011 voru einstaklingar vaknar sú spurning *hvort dómurinn hafi fordæmisgildi fyrir lántaka sem eru lögaðilar*. Hér verður að hafa í huga að í dómi Hæstaréttar er ekki vikið sérstaklega að þeim mun sem er á einstaklingum og lögaðilum. Þannig er í öllu falli ekki unnt að skilja dóminn með þeim hætti að hann hafi ekki þýðingu fyrir lán til fyrirtækja eða annarra lögaðila, séu aðstæður að öðru leyti sambærilegar. Þá ber að líta til þess að þau sjónarmið sem Hæstiréttur nefndi og notaði til stuðnings beitingu undantekningarinnar um fullnaðarkvittun geta að mestu leyti átt við um lögaðila með sama hætti og einstaklinga. Hvað þriðja atriðið varðar teljum við að ólík staða lögaðila og einstaklinga geti skipt máli. Það er ljóst að í sumum tilvikum er stærð og staða lögaðila slík að hann stendur því sem næst jafnfætis fjármálafyrirtækinu við samningsgerð og hefur eftir atvikum komið að gerð lánaskilmála. Ástæða er til að láta reyna sérstaklega á slík tilvik þar sem tekið er berum orðum fram í dóminum að þetta sé atriði sem skipti máli. Jafnframt er ljóst að sú röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara sem felst í viðbótarkröfu um vexti vegna liðins tíma, sbr. til hliðsjónar annað atriðið, kann að koma misharkalega niður á einstaklingum annars vegar og lögaðilum hins vegar. Hins vegar teljum við að vægi þessarar röskunar verði ætíð að meta með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og að flokkun á milli einstaklinga og lögaðila ráði þar ekki úrslitum.

Dómurinn í máli nr. 600/2011 varðaði lán til húsnæðiskaupa og vaknar sú spurning *hvort hann hafi fordæmisgildi fyrir aðrar tegundir lána*. **Að okkar mati er óvarlegt að ætla að fordæmisgildi dómsins sé bundið við ákveðna tegund lána, enda er dómurinn byggður á undantekningu frá meginreglu kröfuréttar sem á við um öll kröfuréttarsambönd.** Þá er ekkert í forsendum réttarins sem gefur til kynna að fordæmisgildi hans sé að þessu leyti takmarkað þannig að hann gildi ekki um ákveðna flokka lánssamninga. Hér má þó nefna að lengd viðkomandi lánssamnings var eitt þeirra atriða sem Hæstiréttur leit til við mat á því hvort réttlætjanlegt væri að beita undantekningunni um fullnaðarkvittun. Hins vegar er eins og áður greinir ekki unnt að slá neinustu um þýðingu lengdar lánssamninga og verður að bíða þess að þetta atriði skýrist í dómaframskýrslu. Þannig er til að mynda ekki unnt að slá því föstu að dómurinn hafi ekki fordæmisgildi fyrir bílalán eða önnur lán til styttri tíma. Þetta eru atriði sem þarf að láta reyna á fyrir dómstólum.

## V.

### Nánar um gildi og þýðingu fullnaðarkvittana

Ýmsar spurningar vakna um gildi og þýðingu fullnaðarkvittana við skoðun á dómi Hæstaréttar. Þannig vaknar sú spurning hvort dómurinn hafi einungis þau áhrif að ekki megi reikna hærri vexti á þau lán, þar sem fullnaðarkvittanir liggja fyrir, eða hvort endurreikna beri öll gengistryggð lán, óháð því hvort þau voru í skilum. Rísa þá jafnframt

viss álitaefni um hvernig fara beri með samninga viðskiptavina sem fengu frýstingu eftir tilmæli stjórnvalda í þá átt, samninga viðskiptavina sem greiddu 5 þúsund kr. á hverja milljón kr., þáðu 30% afslátt á skuldbindinguna gegn því að taka á sig íslenska skuldbindingu og samninga sem aðrar en svipaðar aðstæður gilda um. Hafa ber í huga í þessu sambandi að samkvæmt upplýsingum frá SFF hefur viðskiptavinum alltaf verið tjáð að þeir hafi ekki fyrirgert betri rétti sem síðar kynni að myndast með dómum eða lögum.

Af niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 má að okkar mati ráða að þeir lántakar sem ekki greiddu af lánum sínum (og hafa ekki komið þeim síðar í skil gegn fullnaðarkvittun) höfðu ekki réttmæta ástæðu til að ætla að ekki gæti komið til frekari vaxtakröfu síðar, enda var þá engin fullnaðarkvittun eða ígildi hennar til staðar. Í þeim tilvikum ber að okkar mati að miða við SÍ vexti fyrir það tímabil sem var í vanskilum. Sömu sjónarmið eiga að okkar mati við í þeim tilvikum þegar lánum, sem voru í vanskilum, var komið í skil að frumkvæði fjármálafyrirtækja með því að skuldajafna leiðréttum höfuðstól á móti vangreiddum greiðslum, enda hefur slík leiðrétting þá farið fram á grundvelli SÍ vaxta. Lántakar voru í þeim tilvikum ekki í fullum og réttum efndum fyrir skuldajöfnun og gátu þar af leiðandi ekki verið í góðri trú.

Önnur tilvik, svo sem þau þegar skilmálabreytingar hafa verið gerðar á lánum vegna vanskila, s.s. lántakendur hafa farið í greiðsluskjól hjá umboðsmanni skuldara, fengið greiðslujöfnun, fengið lán sín fryst, greiðslufrestur verið veittur, þeir greitt fasta upphæð af hverri milljón o.s.frv. verður að skoða sérstaklega. Niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 fjallar ekki um þess háttar tilvik og er því enn ódæmt hvernig farið skuli með endurútreikning lána sem svo er ástatt um. Við þessar aðstæður teljum við ólíklegt að lántakar verði taldir hafa verið í góðri trú um að greiðslur þeirra hafi falið í sér fullar og réttar efndir á þeim lánssamningi sem í upphafi var gerður og þar með öðlast ígildi fullnaðarkvittunar, sé litið til fortíðar. Eins og fyrr segir kann öðru máli hins vegar að gegna um greiðslur skuldara til framtíðar (eftir skilmálabreytingu), enda sé fullnaðarkvittunum til að dreifa. Hafi skilmálabreytingar verið gerðar á láni án þess að um vanskil hafi verið að ræða og fullnaðarkvittanir til staðar samkvæmt breyttum samningi eiga sömu sjónarmið við og lögð voru til grundvallar í dómnum, þ.e. fjármálafyrirtæki getur ekki í þeim tilvikum krafist mismunar SÍ vaxta og greiddra samningsvaxta. Þá kunna sérstök sjónarmið að eiga við um tilvik þar sem frumkvæði að breytingu greiðslna hefur alfarið verið hjá lánveitanda og/eða stjórnvöldum, en ekki lántaka og því sérstaklega lýst yfir að lántaki glati engum rétti með því að samþykkja viðkomandi greiðslufyrirkomulag. Við slíkar aðstæður er að okkar mati líklegra en hitt að dómstólar muni telja að **skuldarar sem voru í fullum skilum áður en slíkum breytingum var komið á og þannig sýnt greiðslugetu og greiðsluvilja**, hafi verið rétt að líta svo á að efndir þeirra í samræmi við slíkar breytingar fælu í sér ígildi fullnaðargreiðslu á upprunalegri skuldbindingu. Hafi lántaki á hinn bóginn verið í vanskilum með afborganir sínar getur hann ekki hafa vænst þess að loforð fjármálafyrirtækja myndi veita honum betri rétt, enda getur hann ekki talist hafa verið í góðri trú um að hafa verið í fullum efndum með lán sitt áður en loforðið var gefið. Það ber að áréttta að það mat sem fram

kemur í þessari málsgrein er ekki vafalaust og á sér ekki beina stoð í forsendum dómsins, en úr þeim lagalega vafa verður aðeins leyst með ótvíræðum hætti fyrir dómi.

## VI.

### **Við hvaða tímamark á að miða upphafstíma álagningar Seðlabankavaxta í hverjum lánessamningi um sig?**

Í opinberri umræðu í kjölfar dómsins hefur það mjög verið í sviðsljósinu frá hvaða tíma fjármálafyrirtæki getur krafist SÍ vaxta þegar um er að ræða samninga sem hafa að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu. Eins og áður greinir er það grundvallaratriði í okkar huga að slíkir samningar bera SÍ vexti frá upphafi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Af dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 má í raun það eitt ráða að það sem staðið geti innheimtu slíkra vaxta í vegi sé tilvist fullnaðarkvittunar og að réttlætun sé talið að beita undantekningunni um að fullnaðarkvittun útrými rétti til heimtu eftirstöðvar skuldar. **Þannig má að okkar mati krefjast SÍ vaxta frá þeim tíma sem fullnaðarkvittun stendur slíkri kröfu ekki í vegi.**

Þetta fær sérstaka og þýðingarmikla stoð í dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 þar sem segir að sóknaraðilar hafi á einstökum gjalddögum frá stofndegi kröfunnar og fram til 14. febrúar 2011 greitt afborganir og vexti af skuldabréfinu. Þann dag féll dómur í máli nr. 604/2010 þar sem gengistrygging í lánessamningum sóknaraðila var dæmd ólögmæt og varð þar með ljóst að SÍ vextir giltu um lánin. Eftir það tímamark stóðu fullnaðarkvittanir fyrir greiðslu samningsvaxta því væntanlega ekki í vegi að sóknaraðilar yrðu krafín um SÍ vexti, enda var slíkum kvittunum vart til að dreifa. Þannig verður ekki séð að greiðsla samningsvaxta eftir þessa dagsetningu hafi falið í sér fullar efndir, enda ljóst að miða bar við SÍ vexti og verður að ætla að fjármálafyrirtækið hafi krafist greiðslna í samræmi við það.

Samhengisins vegna er rétt að gera grein fyrir þeim tímamörkum sem hafa verið til umræðu við mat á grandsemi og úrlausn þess frá hvaða tímamarki fjármálafyrirtækjum sé almennt heimilt að reikna SÍ vexti ofan á endurreiknaðan höfuðstól lána sem bundin voru ólögmætum ákvæðum um gengistryggingu:

- 16. júní 2010 þegar Hæstiréttur dæmdi í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Niðurstaðan var sú að þeir samningar sem þar var deilt um hefðu að geyma ólögmæt ákvæði um gengistryggingu.
- 30. júní 2010 þegar Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands sendu frá sér sameiginleg tilmæli til fjármálafyrirtækja. Þau fólu í sér að lánessamningar sem að mati viðkomandi fjármálafyrirtækis innihéldu óskuldbindandi gengistryggingarákvæði samanber framangreinda dóma Hæstaréttar skyldu endurreiknaðir og miðað við SÍ vexti í stað hinna umsömdu vaxta.
- 16. september 2010 þegar dómur féll í Hæstarétti í máli nr. 471/2010 þar sem niðurstaðan var sú að hið umdeilda lán skyldi bera SÍ vexti.

- 29. desember 2010 þegar lög nr. 151/2010 tóku gildi og breyttu vaxtalögum á þann veg að þar er nú kveðið á um að lánsamningar sem hafa að geyma ógild ákvæði um vexti skuli þess í stað bera Sí vexti.

Með hliðsjón af framangreindu teljum við dóm Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 ekki verða skilinn svo að þessar tímasetningar hafi neina grundvallarþýðingu fyrir upphafstímamark heimildar til að krefjast Sí vaxta, heldur skiptir þar öllu máli hvort fullnaðarkvittanir voru til staðar.

Aftur á móti hefur grandleysi lántaka að sjálfsgöðu þýðingu við mat á því hvort almennt sé réttlætanlegt að beita undantekningunni um fullnaðarkvittun þannig að viðbótarkrafa um vexti eigi ekki rétt á sér, svo sem ítarlega hefur verið rakið.

Hvað þetta varðar teljum við afar ólíklegt að lántakar sem hafa greitt vexti af lánskuldbindingum í samræmi við fyrirmæli fjármálafyrirtækja geti talist hafa verið grandsamir. Er raunar vandséð hvernig lántaki sem greiðir samkvæmt greiðslufyrirmælum fjármálafyrirtækis getur yfirhöfuð talist vera í vondri trú hvað sem líður einstökum dómum eða lagafyrirmælum. Þannig verður að telja að það hafi staðið fjármálafyrirtækjunum nær en lántökum að bregðast við niðurstöðum dómstóla, fram komnum stjórnvaldsfyrirmælum og beinum lagafyrirmælum um að nota skyldi Sí vextina. Hafi þau haldið áfram að senda lántökum greiðslutilkynningar sem miðuðust við upphaflega skilmála lánanna um vexti yrði að öllum líkindum litið svo á að lántakar hafi mátt treysta því að greiðsla samkvæmt þeim fæli í sér fullar og réttar efndir af þeirra hálfu. Þetta fær stoð í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 þar sem atvik voru með þeim hætti að sóknaraðilar höfðu staðið í ágreiningi við bankann í lengri tíma og voru því grandsöm um mögulegt ólögmæti, en slíkt var ekki talið koma í veg fyrir að þau gætu borið fyrir sig fullnaðarkvittanir. Við teljum hins vegar að önnur sjónarmið eigi við hafi **fjármálafyrirtæki viðurkennt ólögmæti lánsamninga** og upplýst lántaka um að greiðslufyrirmæli á grundvelli eldri samnings væru einungis tímabundin á meðan verið væri að hrinda í framkvæmd endurútreikningi og nýrri útfærslu lánsamnings. Við teljum að frá þeim tímapunkti þegar skuldari fékk slíka tilkynningu hafi hann ekki mátt vænta þess að greiðslufyrirmæli sem send voru á grundvelli eldri samnings fælu í sér fullnaðarkvittun í skilningi framangreinds dóms Hæstaréttar. Þessi sjónarmið eiga hins vegar ekki við hafi fjármálafyrirtæki ekki viðurkennt ólögmæti viðkomandi lánsamnings gagnvart viðkomandi lántaka og haldið áfram að senda honum greiðslufyrirmæli á grundvelli eldri samnings.

## VII.

### **Hugsanlegur endurkröfuréttur lántaka vegna greiddra vaxta sem reiknaðir voru af gengistrygðum höfuðstól**

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort lántaki, sem hefur greitt vexti af höfuðstól láns sem hefur að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu, geti átt endurkröfu á

hendur lánveitanda þar sem greiddir hafi verið vextir af höfuðstól sem hafi hækkað vegna hinnar ólögmætu gengistryggingar. Álitafnið er þannig hvort lántakinn eigi mögulega endurkröfu á hendur lánveitanda fyrir mismuninum á þeim samningsvöxtum sem í raun voru greiddir og þeim vöxtum sem viðkomandi hefði verið krafinn um ef höfuðstóll hefði ekki verið búinn að hækka vegna áhrifa gengistryggingarinnar.

Það er meginregla í kröfurétti að skuldari sem greitt hefur kröfuhafa hærri fjárhæð en honum bar á endurkröfu á hendur kröfuhafanum um mismuninn þar á. Þá var kveðið á um það í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þar til henni var breytt með lögum nr. 151/2010, að ef samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teldist ógildur og hefði endurgjald verið greitt bæri kröfuhafa að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefði þannig ranglega af honum haft. Við ákvörðun endurgreiðslu skyldi miða við vexti skv. 4. gr., eftir því sem við gæti átt. Eftir að lögum nr. 38/2001 var breytt með lögum nr. 151/2010 er mælt fyrir um það í 5. mgr. 18. gr. að kröfuhafa beri að endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur ranglega af honum haft vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar.

Það er vitaskuld forsenda þess að skuldari geti átt endurkröfu á hendur lánveitanda á grundvelli reglna um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár, eða ákvæðis 18. gr. laga nr. 38/2001, að skuldarinn hafi greitt meira en honum bar að gera. Eins og rakið hefur verið að framan teljum við ljóst af dómum Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 604/2010 að leggja verði til grundvallar að lántaka beri að greiða Sí vexti af lánskuldbindingum, sem hafa að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu, frá stofndegi skuldbindingarinnar. Ljóst er að í langflestum tilvikum má gera ráð fyrir því að fjárhæð Sí vaxta sem reiknaðir eru samkvæmt framansögðu ofan á endurreiknaðan höfuðstól sé hærri en fjárhæð þeirra vaxta sem samið var um, þ.e. LIBOR vaxta eða sambærilegra vaxta. Það gildir jafnvel þótt sá höfuðstóll sem samningsvextir hafa verið reiknaðir ofan á hafi vegna áhrifa gengistryggingarinnar oft á tíðum verið mun hærri en sá endurreiknaði höfuðstóll sem Sí vextir hefðu átt að reiknast ofan á. **Þar sem gera má ráð fyrir því að fjárhæð hinna greiddu vaxta sé almennt lægri en fjárhæð þeirra vaxta sem greiða hefði átt samkvæmt framansögðu er ekki hægt að halda því fram að viðkomandi skuldarar hafi greitt hærri fjárhæðir í vexti en þeim bar. Reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár og sérákvæði laga nr. 38/2001 eiga því ekki við um þessi tilvik, enda ekki um ofgreiðslu vaxta að ræða.** Öðru máli kann að gegna um þau fátíðu undantekningartilvik þar sem samningsákvæði um vexti hafa leitt til hærri vaxtagreiðslna en sem nemur Sí vöxtum. Í þeim tilvikum kann að vera um endurkröfurétt skuldara að ræða vegna þess mismunar. Við mat á endurkröfurétti yrði þá að okkar mati horft sjálfstætt til ofgreiðslna fyrir einstök vaxtatímabil sem viðkomandi fullnaðarkvittun nær til. Þar sem ljóst má vera að þau tilvik þar sem þannig háttar til heyri til undantekninga verða þau ekki tekin til frekari umfjöllunar hér.



## VIII.

### Álitaefni um fyrningu vaxta vegna endurútreiknings

Leitað er álits á því hvort fyrningarreglur leiði til þess að einungis sé unnt að endurreikna lán miðað við SÍ vexti fjögur ár aftur í tímann frá endurútreikningsdegi.

Hvað þetta álitaefni varðar ber fyrst að líta til þess að kröfur vegna vaxta fyrnast á fjórum árum, hvort heldur sem litið er til ákvæða eldri fyrningarlaga nr. 14/1905 eða yngri laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá er ljóst að endurgreiðslukrafa vegna vaxta stofnast þann dag sem umræddir vextir voru greiddir hverju sinni og samkvæmt almennum reglum miðast upphaf fyrningarfrests við þann dag.

Með e. lið 2. gr. laga nr. 151/2010 var upphafsdagur fyrningarfrests vegna „uppgjörskrafna ólögmætra gengistryggðra lánasamninga í formi gengistryggingar“ sérstaklega ákveðinn, en bráðabirgðaákvæði var bætt við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þess efnis að fyrningarfrestur skyldi reiknast frá 16. júní 2010. Miðast sú dagsetning við þann dag er dómur Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 327/2010 voru kveðnir upp, þar sem gengistrygging lánasamninga var dæmd ólögmæt. Umrædd lög nr. 151/2010 tóku hins vegar gildi þann 29. desember 2010 og mæltu því fyrir um afturvirkni upphafs fyrningarfrests um rúma sex mánuði.

Rétt er að taka strax fram að löggjafinn getur ekki með lögum framlengt fyrningarfrest krafna sem þegar eru fyrndar og þar með niðurfalnar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 21. október 2008 í máli nr. 560/2008. Þannig getur sérákvæði laga nr. 151/2010 eingöngu tekið til krafna sem voru ófyrndar við gildistöku laganna þann 29. desember 2010.

Samkvæmt framangreindu ber að beita eftirfarandi ákvæðum um upphafsdag fyrningarfrests:

- Vegna vaxtakrafna sem stofnuðust fyrir 29. desember 2006 gilda ákvæði eldri fyrningarlaga nr. 14/1905.
- Vegna vaxtakrafna sem stofnuðust eftir 29. desember 2006 gildir ákvæði e. liðar 2. gr. laga nr. 151/2010.

Hvað varðar beitingu fyrningarreglna að öðru leyti er staðan sem hér segir:

- Um kröfur sem stofnuðust fyrir 1. janúar 2008 gilda ákvæði eldri fyrningarlaga nr. 14/1905.
- Um kröfur sem stofnuðust eftir 1. janúar 2008 gilda ákvæði laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Rétt er að taka strax fram að með hliðsjón af e. lið 2. gr. laga nr. 151/2010 hófst fyrningarfrestur vegna uppgjörskrafna ólögmætra gengistryggðra lánasamninga sem

stofnuðust eftir 29. desember 2006 ekki fyrr en þann 16. júní 2010. Þar sem fyrningarfresturinn er fjögur ár eru slíkar kröfur ekki fyrndar.

Ætla verður að kröfur um vexti sem stofnuðust fyrir þann tíma og sem lög nr. 151/2010 gilda ekki um séu hins vegar fyrndar, enda séu fjögurra ára fyrningarfrestur samkvæmt eldri lögum nr. 14/1905 liðinn undir lok.

Það er hins vegar mikilvægt í þessu sambandi að hafa í huga að þótt ákveðnar kröfur kunni að vera fyrndar að þessu leyti geta fjármálafyrirtæki hins vegar, beitt heimild 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 til skuldajöfnuðar á slíkri kröfu. Þannig kemur fram í 2. mgr. 1. gr. laganna að eigi kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum missi hann ekki, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans. Þannig mætti hugsanlega nýta fyrndar kröfur um vexti til skuldajafnaðar, en meta yrði í hverju tilviki fyrir sig hvort skilyrði til slíks séu uppfyllt.

Samkvæmt framangreindu eru allar líkur á því að kröfur fjármálafyrirtækja vegna endurútreiknings vaxta á gengistryggðum lánnum afturvirkir séu fyrndar vegna krafna sem stofnuðust fyrir 29. desember 2006, en ófyrndar vegna krafna sem stofnuðust eftir það tímamark.

## **IX.**

### **Frágangur endurútreiknings gagnvart lántökum vegna áhrifa dóma**

Spurt er hvort við frágang endurútreiknings sé þörf á því að skuldari undirriti viðauka við lánessamninginn eða hvort lánveitandi geti einhliða leiðrétt lánessamning með vísan til þess að endurreikningurinn sé í samræmi við gildandi rétt.

Það leiðir af meginreglum samningaréttar að þörf er á samþykki skuldara til þess að samningur um endurútreikning láns sé skuldbindandi fyrir hann. Hins vegar er almennt ekki gerð sérstök krafa til forms slíks samþykkis og gætu athugasemdalaugar greiðslur í samræmi við slíkan útreikning talist til samþykkis í þessum skilningi.

Það er hins vegar almennt óvarlegt fyrir fjármálafyrirtæki að byggja á slíku óljósu samþykki, sbr. til hliðsjónar 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, auk þess sem sérstakar skyldur eru til staðar hvað varðar neytendalán, sbr. lög nr. 121/1994 um neytendalán. Í 5. gr., sbr. 6. gr. lagana, kemur fram að lánessamningur skuli gerður skriflega og fela m.a. í sér upplýsingar um höfuðstól láns og vexti. Þá er tekið fram að neytandi skuli fá eintak af lánessamningnum. Þar sem endurútreikningur láns felur í öllu falli í sér nýja samningsskuldbindingu er það okkar mat að tilvitnuð regla eigi beinlínis við og að gera verði skriflegan viðauka eða eftir atvikum nýjan samning þegar um er að ræða lánessamninga sem heyra undir lögin. Það skal þó áréttað að gildissvið laga nr. 121/1994 er eðli málsins samkvæmt takmarkað þannig að ýmsir lánessamningar tengdir atvinnurekstri eru undanskildir.

Með vísan til framangreinds og sjónarmiða um öryggi í viðskiptaháttum er þó ekki hægt að mæla með öðru en að slíkir samningar eða viðaukar séu gerðir með skriflegum hætti, en ekki treyst á samþykki lántaka í framkvæmd.

Hugsa má sér tilvik þar sem einföld breyting á samningssambandi leiðir beint af lögum, svo sem breyting á vöxtum eða vísitölu, telst það gilt gagnvart samningsaðilum án þess að samþykki þeirra komi til. Hins vegar eru aðstæður þó vart með þeim hætti í þeim tilvikum sem varða endurútreikninga hinna ólögmetu gengistryggðu lána.

## IX. Samantekt

### Almennt um fordæmisgildi dómsins, gildi fullnaðarkvittana o.fl.

- Hæstiréttur var í máli nr. 600/2011 skipaður sjö dómurum og eru því líkur á að rétturinn muni fylgja þessu fordæmi til framtíðar, enda þótt rétturinn hafi klofnað. Það skiptir máli að meiri- og minnihluti voru sammála um undantekninguna um fullnaðarkvittun. Sú staðreynd að rétturinn klofnaði kann hins vegar að hafa þau áhrif að minna þurfi til að koma svo að komist verði að annarri niðurstöðu í málum sem eru ekki að öllu leyti sambærileg. Þá verður að hafa í huga þá meginreglu réttarheimildafræða að túlka verður fordæmisgildi dóma af varfærni.
- Af dómi Hæstaréttar er ljóst að fjármálafyrirtæki getur ekki krafist SÍ vaxta fyrir tímabil þar sem *fullnaðarkvittanir liggja fyrir* sé á annað borð talið réttlæt看legt að beita undantekningunni um að fullnaðarkvittun standi frekari kröfum í vegi. Þannig er um tvö skilyrði að ræða, annars vegar þarf *fullnaðarkvittun eða ígildi hennar* að liggja fyrir og hins vegar þurfa *aðstæður* að réttlæta beitingu undantekningarinnar. Sú ályktun verður þannig dregin af dóminum að fjármálafyrirtæki geti ekki innheimt mismun SÍ vaxta og samningsvaxta afturvirk (eftir atvikum leiðrétt lán afturvirk með endurútreikningi vaxta á íþyngjandi hátt fyrir skuldara), hafi skuldari efnt vaxtaskuldbindingar sínar í samræmi við efni viðkomandi samnings og/eða greiðslutilkynningar fjármálafyrirtækja og önnur þau sjónarmið sem rakin eru að framan eigi við. Jafnframt virðist ljóst af dóminum að jákvæð áhrif gengisleiðréttingar gagnvart lántaka hafi ekki neikvæð áhrif á réttarstöðu lántaka (til dæmis ef lán hefur lækkað úr 40 milljónum kr. niður í 20 milljónir kr. vegna gengisleiðréttingar).
- Ekki verður talið að það hafi nokkra þýðingu í hvaða formi greiðslukvittanir eru. Það sem skiptir máli er að skuldari hafi innt af hendi greiðslur í samræmi við kröfu viðkomandi fjármálafyrirtækis sem byggir á lánssamningi aðila, en þá liggur fyrir fullnaðarkvittun í skilningi kröfuréttar.
- Hafi viðkomandi *lántaki ekki yfir að ráða fullnaðarkvittun eða ígildi hennar hefur dómurinn ekkert fordæmisgildi*. Hafa verður í huga að dómurinn tekur eingöngu til

þeirra aðstæðna þegar fullnaðarkvittun liggur fyrir og er ekkert í dóminum sem bendir til þess að fjármálafyrirtæki geti ekki krafist SÍ vaxta afturvirkkt hafi vaxtagreiðslur ekki áður verið inntar af hendi.

- Við mat á því hvort undantekningin um þýðingu fullnaðarkvittunar sé til staðar lítur rétturinn til þriggja atriða, þ.e. (1) góð trú skuldara um að greiðslur feli í sér fullar efndir; (2) lengd skuldbindingar, fjárhæð viðbótarkröfu sem hlutfall af upphaflegri lánsfjárhæð, hversu margar afborganir hafi átt sér stað, hvort viðkomandi hafi staðið í skilum o.fl.; (3) hvort skilmálar lánsins hafi verið samkvæmt einhliða ákvörðun fjármálafyrirtækis.
- Að okkar mati eru umtalsverðar líkur á því að fyrsta og þriðja atriðið eigi við um allar tegundir lána. Hins vegar er annað atriðið afar matskennt og ómögulegt að gefa nákvæmar leiðbeiningar um þýðingu þess. Úr þessu verður ekki leyst með óyggjandi hætti nema með dómi.
- Sé sú staða uppi að *lántaki hafi staðið í skilum með afborganir fyrir ákveðin tímabil en ekki greitt vegna annarra tímabila* verður talið að ekki sé unnt að krefjast SÍ vaxta fyrir þau tímabil þar sem staðið var í skilum, en að slík krafa geti átt rétt á sér vegna þeirra tímabila þar sem greiðslur hafa af einhverjum ástæðum ekki verið inntar af hendi. Hafi lán verið í vanskilum en því síðan komið í skil af hálfu lántaka (þ.e. með greiðslum hans) gegn útgáfu fullnaðarkvittunar fyrir tímabil sem hafa verið í vanskilum, er að okkar mati ekki unnt að krefjast SÍ vaxta fyrir það tímabil.
- Önnur sjónarmið eiga að okkar mati við í þeim tilvikum þegar lánnum, sem voru í vanskilum, var komið í skil að frumkvæði fjármálafyrirtækja með því að skuldajafna leiðréttum höfuðstól á móti vangreiddum greiðslum, enda hefur slík leiðrétting þá farið fram á grundvelli SÍ vaxta. Lántakar voru í þeim tilvikum ekki í fullum og réttum efndum fyrir skuldajöfnun og gátu þar af leiðandi ekki verið í góðri trú.

### **Þýðing skilmálabreytinga og vanskila lántaka**

- Dómurinn fjallar ekki um þau tilvik þegar skilmálabreytingar hafa verið gerðar á lánnum vegna vanskila, svo sem ef lántakar hafa farið í greiðsluskjól hjá umboðsmanni skuldara, fengið greiðslujöfnun, fengið lán sín fryst, greiðslufrestur verið veittur, þeir greitt fasta upphæð af hverri milljón o.s.frv. Við þessar aðstæður teljum við ólíklegt að lántakar verði taldir hafa verið í góðri trú um að greiðslur þeirra hafi falið í sér fullar og réttar efndir á þeim lánsamningi sem í upphafi var gerður og þar með öðlast ígildi fullnaðarkvittunar.
- Hafi skilmálabreytingar verið gerðar á láni án þess að um vanskil hafi verið að ræða og séu fullnaðarkvittanir til staðar samkvæmt breyttum samningi eiga sömu sjónarmið við og lögð voru til grundvallar í dómi Hæstaréttar.

- Sérstök sjónarmið eiga við um tilvik þar sem frumkvæði að breytingu greiðslna hefur alfarið verið hjá lánveitanda og/eða stjórnvöldum, en ekki lántaka og því sérstaklega lýst yfir að lántaki glati engum rétti með því að samþykkja viðkomandi greiðslufyrirkomulag. Við slíkar aðstæður er að okkar mati líklegra en hitt að dómstólar muni telja að skuldurum, sem voru í fullum skilum áður en slíkum breytingum var komið á og sýndu þannig greiðslugetu og greiðsluvilja, hafi verið rétt að líta svo á að efndir þeirra í samræmi við slíkar breytingar fælu í sér ígildi fullnaðargreiðslu á upprunalegri skuldbindingu.
- Hafi lántaki á hinn bóginn verið í vanskilum með afborganir sínar getur hann ekki hafa vænst þess að loforð fjármálafyrirtækja myndi veita honum betri rétt, enda getur hann ekki talist hafa verið í góðri trú um að hafa verið í fullum efndum með lán sitt áður en loforðið var gefið. Það ber að árétta að þetta mat er ekki vafalaust og á sér ekki beina stoð í forsendum dómsins, en úr þeim lagalega vafa verður aðeins leyst með ótvíræðum hætti fyrir dómi.

### **Hugsanlegt fordæmisgildi dómsins fyrir lögaðila og aðrar tegundir lánsamninga**

- Sú ályktun verður ekki dregin af dóminum að hann hafi *ekki* fordæmisgildi fyrir lögaðila, enda er í dóminum ekki vikið sérstaklega að þeim mun sem er á einstaklingum og lögaðilum. Þau sjónarmið sem Hæstiréttur nefndi og notaði til stuðnings beitingu undantekningarinnar um fullnaðarkvittun geta að mestu leyti átt við um lögaðila með sama hætti og einstaklinga. Það getur þó haft þýðingu ef stærð og staða lögaðila er slík að viðkomandi standi því sem næst jafnfætis fjármálafyrirtækinu við samningsgerð og hafi komið að gerð lánaskilmála. Minnt er á að beiting undantekningarinnar tekur ætíð mið af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig og að flokkun á milli einstaklinga og lögaðila ræður þar ekki úrslitum.
- Dómur Hæstaréttar varðaði lán til húsnæðiskaupa og vaknar sú spurning *hvort hann hafi fordæmisgildi fyrir aðrar tegundir lána*. Að okkar mati er óvarlegt að ætla að fordæmisgildi dómsins sé bundið við ákveðna tegund lána, enda er dómurinn byggður á undantekningu frá meginreglu kröfuréttar sem á við um öll kröfuréttarsambönd. Þá er ekkert í forsendum réttarins sem gefur til kynna að fordæmisgildi hans sé að þessu leyti takmarkað þannig að hann gildi ekki um ákveðna flokka lánsamninga.

### **Upphafstímamark heimildar til að krefjast SÍ vaxta**

- Hvað varðar það álitaefni frá hvaða tíma fjármálafyrirtæki getur krafist SÍ vaxta er það grundvallaratriði að slíkir samningar skuli bera SÍ vexti frá upphafi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og staðfestingu þess efnis í dómi í máli nr. 600/2011.

- Af dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 má í raun það eitt ráða að það sem staðið geti innheimtu slíkra vaxta í vegi sé tilvist fullnaðarkvittunar og að réttlætanlegt sé talið að beita undantekningunni um að fullnaðarkvittun útrými rétti til heimtu eftirstöðvar skuldar. Þannig má að okkar mati krefjast SÍ vaxta frá þeim tíma sem fullnaðarkvittun stendur slíkri kröfu ekki í vegi.
- Ekki er talið að dómur Hæstaréttar verði skilinn svo að þær tímasetningar sem nefndar hafa verið sem mögulegur upphafspunktur grandsemi lántaka hafi neina grundvallarþýðingu fyrir upphafstímamark heimildar til að krefjast SÍ vaxta, heldur skiptir þar öllu máli hvort fullnaðarkvittanir voru til staðar.
- Grandleysi lántaka hefur þó að sjálfsgöðu þýðingu við mat á því hvort almennt sé réttlætanlegt að beita undantekningunni um fullnaðarkvittun þannig að viðbótarkrafa um vexti eigi ekki rétt á sér, svo sem ítarlega hefur verið rakið. Hvað þetta varðar teljum við afar ólíklegt að lántakar sem hafa greitt vexti af láNSSskuldbindingum í samræmi við fyrirvaralaus greiðslufyrirmæli fjármálafyrirtækja geti talist hafa verið grandsamir, hvað sem líður einstökum dómum og lagafyrirmælum enda hafi það staðið fjármálafyrirtækjum nær en lántökum að bregðast við slíku.
- Við teljum hins vegar að önnur sjónarmið eigi við hafi fjármálafyrirtæki viðurkennt ólögsmæti láNSSsamninga og upplýst lántaka um að greiðslufyrirmæli á grundvelli eldri samnings væru einungis tímabundin á meðan verið væri að hrinda í framkvæmd endurútreikningi og nýrri útfærslu láNSSsamnings. Við teljum að frá þeim tímapunkti þegar skuldari fékk slíka tilkynningu hafi hann ekki mátt vænta þess að greiðslufyrirmæli sem send voru á grundvelli eldri samnings fælu í sér fullnaðarkvittun í skilningi framangreinds dóms Hæstaréttar. Þessi sjónarmið eiga hins vegar ekki við hafi fjármálafyrirtæki ekki viðurkennt ólögsmæti viðkomandi láNSSsamnings gagnvart viðkomandi lántaka, heldur haldið áfram að senda honum fyrirvaralaus greiðslufyrirmæli á grundvelli eldri samnings.

### **Hugsanlegur endurkröfuréttur lántaka vegna vaxtagreiðslna**

- Þeirri spurningu var varpað fram hvort lántaki, sem hefur greitt vexti af höfuðstól láns sem hefur að geyma ákvæði um ólögsmæta gengistryggingu, geti átt endurkröfu á hendur lánveitanda þar sem greiddir hafi verið vextir af höfuðstól sem hafi hækkað vegna hinnar ólögsmætu gengistryggingar. Slík endurkrafa myndi þá nema mismuninum á þeim samningsvöxtum sem í raun voru greiddir og þeim vöxtum sem viðkomandi hefði verið krafinn um ef höfuðstóll hefði ekki verið búinn að hækka vegna áhrifa gengistryggingarinnar.
- Það er forsenda þess að skuldari geti átt endurkröfu á hendur lánveitanda á grundvelli reglna um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár, eða ákvæðis 18. gr. laga nr. 38/2001, að skuldarinn hafi greitt meira en honum bar að gera.

- Eins og rakið hefur verið teljum við að lántaka beri að greiða Sí vexti af láns skuldbindingum, sem hafa að geyma ákvæði um ólögmæta gengistryggingu, frá stofn degi skuldbindingarinnar. Í langflestum tilvikum má gera ráð fyrir því að fjárhæð Sí vaxta sem reiknaðir eru samkvæmt framansögðu ofan á endurreiknaðan höfuðstól sé hærri en fjárhæð þeirra vaxta sem samið var um, þ.e. LIBOR vaxta eða sambærilegra vaxta. Það gildir jafnvel þótt sá höfuðstóll sem samningsvextir hafa verið reiknaðir ofan á hafi vegna áhrifa gengistryggingarinnar oft á tíðum verið mun hærri en sá endurreiknaði höfuðstóll sem Sí vextir hefðu átt að reiknast ofan á. Þar sem gera má ráð fyrir því að fjárhæð hinna greiddu vaxta sé almennt lægri en fjárhæð þeirra vaxta sem greiða hefði átt er ekki hægt að halda því fram að um ofgreiðslu vaxta hafi verið að ræða. Reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár og sérákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001 eiga því ekki við um þessi tilvik.
- Öðru máli kann að gegna um þau fátíðu undantekningartilvik þar sem samningsákvæði um vexti hafa leitt til hærri vaxtagreiðslna en sem nemur Sí vöxtum. Í þeim tilvikum kann að vera um endurkröfurétt skuldara að ræða vegna þess mismunar sem skapast hefur.

#### **Álitaefni um fyrningu og frágangur skjala vegna endurútreiknings**

- Rökstutt hefur verið að allar líkur séu á því að kröfur fjármálafyrirtækja vegna endurútreiknings vaxta á gengistryggðum lánum afturvirkir séu fyrndar vegna krafna sem stofnuðust fyrir 29. desember 2006, en ófyrndar vegna krafna sem stofnuðust eftir það tímamark. Fjármálafyrirtæki geta hins vegar beitt heimild 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905 til skuldajöfnuðar á slíkri kröfu.
- Mælt er með því að í öllum tilvikum verði gengið frá endurútreikningi sem leiðir af dómi Hæstaréttar með skriflegum samningi eða samningsviðauka við skuldara.